

## Fundargerð 471

Fimmtudaginn 11. apríl 2019 kom stjórn Byggðastofnunar saman til fundar á Sigló Hótel, Siglufirði. Þessir fundarmenn sátu fundinn Illugi Gunnarsson (IG) formaður, Karl Björnsson (KB) í síma, María Hjálmarsdóttir (MaH), Gunnar Þór Sigbjörnsson (GÞS), Gunnar Þorgeirsson (GÞ) og Sigríður Jóhannsdóttir (SJ). Auk þeirra sátu fundinn; Aðalsteinn Þorsteinsson (AÞ) forstjóri, Arnar Már Elíasson (AME) forstöðumaður fyrirtækjasviðs, Hjalti Árnason (HÁ) forstöðumaður lögfræðisviðs, Snorri Björn Sigurðsson (SBS) forstöðumaður þróunarsviðs og Magnús Helgason (MH) forstöðumaður rekstrarsviðs sem jafnframt ritaði fundargerð.

Formaður setti fund kl. 10:04 og lagði fram eftirfarandi dagskrá.

1. Fundargerð síðasta fundar – til afgreiðslu
2. Nýr lánaflokkur, Græn lán – til afgreiðslu
3. Lánamál – til afgreiðslu
4. Beiðni um framlengingu b.b verkefnis í Öxarfirði – til afgreiðslu
5. Staða rekstrar og verkefna skv. starfsáætlun 2019 – til kynningar
6. Fundargerðir lánanefndar – til kynningar
7. Áhættuskýrsla 1. ársfjórðungs 2019 – til kynningar
8. Skýrsla um framfylgd jafnréttisáætlunar – til kynningar
9. Önnur mál
10. Næsti fundur

### 1. Fundargerð síðasta fundar - til afgreiðslu

Fyrir fundinum liggur fundargerð síðasta fundar nr. 470. Formaður bar upp fundargerðina. Engar athugasemdir komu fram og var hún samþykkt samhljóða og dreift til undirritunar.

### 2. Nýr lánaflokkur, Græn lán - til afgreiðslu

Fyrir fundinum liggur minnisblað forstöðumanns fyrirtækjasviðs með tillögu um nýjan lánaflokk, s.k. Græn lán. AME fór yfir minnisblaðið sem var á svipuðum nótum og minnisblað sem lagt var fram á síðasta stjórnarfundum til kynningar.

Lagt er til við stjórn að stofnaður verði sérstakur lánaflokkur um þetta málefni og að um hann gildi eftirfarandi reglur:

- Lán sé ætlað til umhverfisvænna verkefna að mati lánanefndar.
- Tryggingar verði í fasteignum eða jörðum og/eða í veðhæfum búnaði, enda sé hann auðflytjanlegur og auðseljanlegur.
- Veðhlutföll taki mið af almennum lánareglum.
- Lánstími verði að hámarki 20 ár með veði í fasteignum/jörðum en styttri með veði í búnaði í hlutfalli við áætlaðan líftíma hans.
- Heimilt verði að veita vaxtagreiðslur eingöngu í allt að 3 ár þar sem það á við.
- Hámarkslánveiting í samræmi við veð, greiðslugetu og lánareglur hverju sinni.
- Lántökugjald 1,8%.
- Vextir verði 5% verðtryggt eða 2% álag á REIBOR.
- Að öðru leyti vísast í almennar lánareglur stofnunarinnar.

Í umræðu tóku þátt IG, AP og AME.

Formaður bar upp ofangreinda tillögu og var hún samþykkt samhljóða.

### 3. Lánamál - til afgreiðslu

...

### 4. Beiðni um framlengingu b.b. verkefnis í Öxarfirði - til afgreiðslu

Fyrir fundinum liggur minnisblað sérfræðinga þróunarsviðs sem AP fór yfir vegna óskar verkefnisstjórnar Brothættu byggða verkefnisins Öxarfjörður í sókn um framlengingu á verkefninu úr árið 2020 en að öllu óbreyttu ætti verkefninu að ljúka í lok árs 2019. Lagt er til að verkefnið Öxarfjörður í sókn verði framlengt til eins árs, til loka árs 2020.

Í umræðum tóku þátt GP og SJ.

Formaður bar upp tillöguna og var hún samþykkt samhljóða.

### 5. Staða rekstrar og verkefna skv. starfsáætlun 2019 - til kynningar

Fyrir fundinum liggur yfirlit yfir stöðu verkefna á starfsáætlun 2019 og staða rekstrar stofnunarinnar 31. mars 2019. AP fór yfir reksturinn en SBS fór yfir helstu verkefni á þróunarsviði. Ræddi hann um fyrirhugaða sameining atvinnuþróunarfélaga á Norðurlandi eystra og landshlutasamtaka en það mun að óbreyttu þýða lægra framlag til atvinnuráðgjafar. Skilum á 2. áfanga þjónustukorts er lokið. Núna er komið að því að fá upplýsingar frá sveitarfélögum. Þá verður fundur með ráðuneytum í maí þar sem farið verður yfir verkefnið til að fá aðstoð við að fá gögn frá undirstofnunum. Þá hafa Jafnréttisstofa og Ferðamálastofa óskað eftir aðkomu stofnunarinnar við áætlanir og aðgerðir sem þær eru að vinna í.

KB kom að endurnýjun sóknaráætlana, tækifæri væri að leiða fleiri verkefni undir þennan hatt. Væri hægt að færa málefni atvinnuráðgjafarinnar undir sóknaráætlun. AP lýsti þeirri skoðun sinni að rétt sé að skoða það vandlega, en önnur sjónarmið eigi þó við um skiptingu fjár til atvinnuráðgjafar heldur en deilingu fjármuna niður á sóknaráætlanasvæðin almennt.

Í umræðum tóku þátt MaH, IG, GPS, KB

### 6. Fundargerðir lánanefndar - til kynningar

Fyrir fundinum liggja fundargerðir lánanefndar nr. 13/19, 14/19 og 15/19 sem AME fór yfir.

Til máls tók SJ.

### 7. Áhættuskýrsla 1. ársfjórðungs 2019 - til kynningar

Fyrir fundinum liggur áhættuskýrsla 1. ársfjórðungs 2019. Formaður lagði til að umræðu um skýrsluna yrði frestað til næsta fundar.

Samþykkt samhljóða.

## 8. Skýrsla um framfylgd jafnréttisáætlunar - til kynningar

Fyrir fundinum liggur yfirlit yfir framfylgd jafnréttisáætlunar Byggðastofnunar fyrir árið 2018. MH og AP fóru yfir framfylgdina

SJ spurði út í störf án staðsetningar. SBS svaraði því til að stofnunin væri nú þegar með þrjá starfsmenn sem ynnu utan skrifstofunnar á Sauðárkróki.

Til mál tóku IG, MaH, GBS og SJ.

## 9. Önnur mál

*Ráðstefna um skólamál í minni og einangraðri byggðum*

SBS upplýsti búið að ræða við Samband íslenskra sveitarfélaga. Ætla að ræða saman aftur í maí.

Formaður þakkaði fyrir samstarfið þar sem hann viki nú úr stjórn. Aðrir stjórnarmenn þökkðu einnig fyrir samstarfið.

## 10. Næsti fundur

Næsti fundur verður ákveðinn af næstu stjórn.

Fleira ekki gert og fundi slitið kl. 11:35

Magnús Helgason fundarritari

_____	_____
_____	_____
_____	_____